

181.fundur fræðslunefndar haldinn í GSNB Lýsuhóli 28.05.2015 kl. 20.00

Mætt Valentina Kay, Ingigerður Stefánsdóttir, Magnús Þór Jónsson, Laufey Helga Árnadóttir, Ari Bent, Gunnar Ólafur Sigmarsson og Þórunn Hilma Svavarsdóttir.

Rósa Erlendsdóttir deildarstjóri sýndi okkur skólann.

Valentina – Tónlistarskóli

- Vortónleikar haldnir í Klifi 4. og 5.maí. Gekk mjög vel.
- 8.maí fóru 8. 9. og 10.bekkur til Reykjavíkur í boði foreldrafélags Tónlistarskólans.
- 20.maí voru vortónleikar í Lýsuhólsskóla. Allir nemendur skólans tóku þátt í tónleikunum.
- Innritun fyrir næstu haustönn verður dagana 24. og 25.maí.
- 21.maí kom leikskólinn Kríuból í heimsókn.
- Í sumar verður skipt um glugga í húsnæði tónlistarskólans á Hellissandi og á Ólafsvík og tvær hliðar klæddar á húsnæðinu í Ólafsvík.

Ingigerður – Leikskólar

- 20 börn sem útskrifast í vor.
- Sumarlokun í ár eru 4 vikur frá 15.júlí – 13.ágúst.
- Bangsakot lokar 15.júlí og þörf fyrir deildina endurskoðuð um áramót.
- Verið er að auglýsa stöðu aðstoðarleikskólastjóra á Kríubóli og einnig 2 deildarstjóra og einn þroskaþjálfara á sama stað.
- Umbætur í sumar á Kríubóli- gúmmíhellur og aðgengi lagað.
- Umbætur í sumar á Krílakoti – hurðum skipt út í sumar.

Magnús –GSNB

- Skóladagatal lagt fram og samþykkt fskj.266
- Hilmar Már Arason skrifaði undir 28.maí sem nýr skólastjóri GSNB
- Farið yfir skýrslu vegna ytra mats.

Önnur mál

- Skjal lagt fram vegna leikskóladeildar Lýsuhólsskóla. Fskj. 267. Skólastjóri og deildarstjóri Lýsuhólsskóla mæla með áframhaldandi starfi. Fræðslunefnd styður þá tillögu.
- Fræðslunefnd þakkar Magnúsi Þóri Jónssyni farsælt samstarf og farsæl störf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.21.45.